

73. stjórnarfundur haldinn í Reykjavík 18. desember 2013

Mætt í fjarfundabúnaði: Hjalti Þór Vignisson, Björn Ármann Ólafsson, Reynir Arnarson og Rósa Björk Halldórsdóttir. Mætti í Reykjavík; Böðvar Pétursson, Sigurður Skúlason, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson og einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Fundur hófst kl.8:30

1. *Samþykki dagskrár*

- Dagskrá samþykkt

2. *Fjárlög 2014*

Í Fjárlögum 2014 er rekstrarmegin einungis um að ræða hagræðingarkröfu, en í framkvæmdalið stofnunarinnar er einnig niðurskurður auk hagræðingarkröfu.

- Formanni og framkvæmdastjóra falið að taka upp við umhverfis- og auðlindaráðuneyti og umhverfisráðherra, hver sé fyrirséð framtíðarstefna um fjárveitingar til þjóðgarðsins, bæði hvað varðar rekstur og framkvæmdir.

Fjáraukalög 2013

Í framlögðu frumvarpi til Fjáraukalaga 2013 er fellt niður 290 m.kr. framlag til Þekkingaseturs á Kirkjubæjarklaustri, sem er inni í Fjárlögum 2013. Innsendar beiðnir stofnunarinnar fengu þar ekki framgang.

3. *Fjármál*

- Rekstrar- og framkvæmdaáætlanir 2014

Í frumvarpi til Fjárlaga 2014 var sett fram krafa um hagræðingu í rekstri m.v. yfirstandandi ár, alls að upphæð um 5 m.kr., sem taka þarf tillit til við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2014. Stefnt er að því að ljúka við gerð grófrar rekstraráætlunar fyrir áramót, en meginlínan verður, að öðru leyti en það sem tekur til hagræðingar, sem mest óbreyttur rekstur m.v. árið 2013.

- Tillaga að ramma rekstraráætlunar 2014 verður tekin fyrir á næsta stjórnarfundum.

Varðandi framkvæmdahlutann þá er framlag á Fjárlögum ársins 2013 alls 174 m.kr., en verður 94,7 m.kr. á árinu 2014, eða um 80 m.kr. lægra en framlag yfirstandandi árs.

- Á næsta stjórnarfundum verður kynntur rammi að framkvæmdaáætlun fyrir árið 2014, sem tekur til framangreinds niðurskurðar og mun fyrst og fremst miðast við að ljúka þeim framkvæmdum sem þegar eru í gangi og þeim sem þegar hefur verið ákveðið að ráðast í.

4. *Atvinnustefna*

Fyrir fundinum lágu ný drög að grunnatriðum atvinnustefnu Þjóðgarðsins svo og drög að samningstexta fyrir tvönn konar samningsramma, annars vegar almennan samningsramma og hins vegar verkefnissamninga, sem Þjóðgarðurinn gæti gert við samstarfsaðila sína.

Framangreind drög voru rædd m.a. m.t.t. öryggismála, gæðamála og menntunar starfsmanna í ferðaþjónustu.

- Stjórn vísar fyrirbyggjandi drögum að atvinnustefnu Þjóðgarðsins til svæðisráða og stefnt er að því að fullbúin stefna verði tilbúin fyrir lok febrúar n.k.

5. *Tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar*

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar lagði fram skýrslu dags. 11. nóv. sl. um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri, þar eru tvær tillögur, sem taka á hugmyndum um sameiningu Þjóðgarða og friðlýstra svæða í eina stofnun.

- Stjórn leggur ríka áherslu á að í framtíðarskipulagi Þjóðgarða og friðlýstra svæða verði byggt á stjórnfyrirkomulagi Vatnajökulsþjóðgarðs. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs telur ráðlegt að allir Þjóðgarðar, önnur friðlýst svæði og mikilvæg ferðamannasvæði landsins verði sett undir sameiginlega stjórn, sem hafi heildarsýn yfir allt landið. Stjórn styður þó ekki slíkt fyrirkomulag, nema að framtíðarskipulag og stjórnun svæðanna verði byggð á sambærilegu stjórnfyrirkomulagi og Vatnajökulsþjóðgarður. Áhersla á dreifraði, lýðraði og ríka aðkomu ýmissa hagsmunaaðila sem tengjast Þjóðgarðinum, hefur gefist vel í stjórnun og uppbyggingu Þjóðgarðsins.

6. *Endurskoðun stjórnfyrirkomulags Vatnajökulsþjóðgarðs.*

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið er með í undirbúningi drög að frumvarpi til breytinga á lögum stofnunarinnar, fyrst og fremst hvað varðar stjórnfyrirkomulag hennar, á grundvelli tillagna starfshóps sem skipaður var til þess verkefnis og hefur skilað tillögum til ráðherra.

- Stjórn leggur til að sett verði af stað vinna við að skoða hvort ekki ætti að breyta einhverjum öðrum atriðum laganna samtímis framangreindum breytingum.

7. *Gjaldtaka af ferðamönnum*

Um nokkurt skeið hafa verið uppi hugmyndir um beina og/eða óbeina gjaldtöku af ferðamönnum á landinu.

- Stjórn er ósammála hugmynd um ferðakort/náttúrupassa, sem hún telur óframkvæmanlega vegna umfangs og kostnaðar. Stjórnin leggur til að aðrar einfaldari leiðir til tekjuöflunar verði skoðaðar t.d. endurskoðun og útvíkkun núverandi gistináttaskatts. Einnig er hljómgrunnur í stjórn fyrir því að ferðamenn greiði aðkomugjald þegar þeir koma inn í landið.

8. *Skoðun á stækkun þjóðgarðsins*

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið er að skoða nokkur svæði sem gætu bæst við og stækkað Vatnajökulsþjóðgarð. Þar eru um að ræða:

- Svæði á Brúaröræfum og er starfandi starfshópur vegna þessa. Einnig svæði þar sem tillaga var um Arnardalsvirkjun og Helmingsvirkjun, en eru nú í verndarflokki rammaáætlunar.
- Afmarkað svæði innan Meiðavallaskógar.
- Þjóðlendur þar sem Fell, Fjall, Breiðármörk og Kvísker verði hluti þjóðgarðsins.
- Ríkisjörðin Sandfell í Öræfasveit, en þar er í gildi samningur um nýtingu.
- Svæði þar sem fyrirhugaðar voru annars vegar Djúpárvirkjun og hins vegar Tungnaárlón.
 - Stjórn þjóðgarðsins leggur áherslu á að stækkun þjóðgarðsins fylgi aukið fjármagn

9. *Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri.*

Framlag sem koma átti til uppbyggingar Þekkingarseturs á Kirkjubæjaklaustri hefur verið fellt út, bæði í Fjárlögum 2014, en einng er allt það framlag sem ætlað var til verkefnisins 2013 fellt út í Fjárukalögum 2013. Í frumvarpi til Fjárlaga 2014 var þó einnig sagt: „*..áform um byggingu setursins verði skoðuð síðar með hliðsjón af stöðu ríkissjóðs.*“

Stýrihópur sem skipaður var um verkefnið lauk við gerð frumathugunar, en verkefnið bíður frekara framhalds þar til fyrir liggur fjármögnun þess. Litið er þannig til stöðunnar að einungis sé um að ræða seinkun framkvæmdarinnar, þó helst ekki meira en um eitt ár og að málið verði tekið aftur upp við fjárlagagerð fyrir árið 2015.

- Stjórn telur afar mikilvægt að áfram verði unnið að uppbyggingu þekkingar- og þjóðgarðsmiðstöðvarinnar í samvinnu við heimamenn og aðila sem sýnt hafa áhuga að starfa í húsinu og leggur áherslu á að áfram verði unnið að hugmyndinni.

10. *Jöklamenn- ósk um stöðuleyfi*

Erindi Jöklamanna hefur áður verið tekið fyrir á fundum stjórnar,

- Nú er stjórn, m.t.t. þeirrar stöðu sem málið er í, reiðubúin til að veita Jöklamönnum tímabundið stöðuleyfi til eins árs fyrir sínar vinnubúðir við Sandasel í Skaftafelli og skilyrði að höfðu samráði við þjóðgarðsvörð suðursvæðis og að nauðsynleg leyfi liggi fyrir og gegn endurgjaldi og samningi þar um.

11. *Fundur með fulltrúum Landssamtaka hjólreiðamanna.*

Þennan dagskrárlið sátu einnig þjóðgarðsverðirnir Hjörleifur Finnsson og Snorri Baldursson svo og Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir frá HÍ, auk fulltrúa hjólreiðarmanna; Haukur Eggertsson, Emil Þór Guðmundsson og Arnaldur Gylfason.

Landssamtök hjólreiðamanna báðu um að fá tækifæri til að hitta stjórn til að ræða málefni hjólreiðamanna.

Fulltrúar hjólreiðarmanna lögðu áherslu á frjálsa för þeirra og að staðið væri við ákvæði í reglum og skipulagi þjóðgarðsins um að byggja hann upp einnig með hagsmuni hjólreiðafólks í huga.

Fram kom af hálfu þjóðgarðsfólks að hjólreiðar væru hluti af þróun sjálfbærrar ferðamennsku og bæri að efla og styðja eins og fram kemur í stjórnunar- og verndaráætlun. Hins vegar gæti slíkt takmarkast af öryggis- og verndarsjónarmiðum. Stjórn þakkar fulltrúum hjólreiðarmanna fyrir að mæta til fundarins og telur mikilvægt að skoða uppbyggingu þjóðgarðsins enn frekar m.t.t. hagsmuna hjólreiðarfólks, sem og annarra útivistarhópa

12. Staðfesting ráðherra á Stjórnunar- og verndaráætlun Vjþ

Þennan dagskárlið sátu einnig þjóðgarðsverðirnir Snorri Baldursson og Hjörleifur Finnsson svo og Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir frá HÍ.

Í bréfi ráðherra dags. 12. júlí 2013, þar sem staðfest var Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins, er m.a. sagt: „Umhverfis- og auðlindaráðuneytið telur mikilvægt að reynt sé að ná sem víðtækastri sátt í samfélaginu varðandi framkvæmd meginmarkmiða Vatnajökulsþjóðgarðs um náttúruvernd, útivist og byggðapróun.“

og einnig er þar sagt: „Enn er þó uppi álitamál um ákveðna þætti í áætluninni, sem fyrst og fremst varða einn þátt í þessari umfangsmiklu vinnu, þ.e. málefni Vonarskarðs. Telur ráðuneytið mikilvægt að unnið verði áfram að því að leita leiða til að skapa betri sátt um þetta svæði.“

og síðar segir: „Ráðuneytið beinir því þeim tilmælum til stjórnar að skoða sérstaklega málefni Vonarskarðs, með það að markmiði að tryggja til framtíðar vernd og nýtingu gæða þess svæðis, og vinna með hagsmuni og samræmingu útivistar og náttúruverndar.“

að lokum segir: „Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til stjórnar að vinna að skoðun á þessum atriðum í Vonarskarði, með það að markmiði að tryggja sem best sé haldið utan um samræmingu hagsmuna útivistar og náttúruverndar.“

Fram kom að svæðið í Vonarskaði er um margt spennandi til margs konar útivistar, s.s. gangandi, hjólandi og hestamanna. Þá kom fram í máli Snorra Ingimarssonar að svæðið hafi verið vinsæll staður meðal útivistarfólks á vélknúnum ökutækjum. Hafi tíðkast í gegnum tíðina að fara í haustferðir í Vonarskarð sem afar margir sæu eftir nú þegar lokun hafi verið samþykkt á svæðinu.

Allir voru sammála um að skipulagning á för fólks um svæðið væri ekki einfalt verkefni, þar kallast hagsmunir náttúruverndar á við útivist og ferðaþjónustu og ekki augljóst hvernig hægt væri að setta þau sjónarmið.

Nokkur umræða var um þennan lið og þar lagði Rögnvaldur Ólafsson frá HÍ mikla áherslu á hversu mikilvægt Vonarskarð er út frá náttúruverndarsjónarmiði og um leið á viðkvæmni svæðisins, náttúrfar Vonarskarðs sé mjög fjölbreytt og sérstakt og verndargildi þess hátt. Svæðið sé að langmestu óraskað sem sé einstakt á íslenskum jarðhitasvæðum, en það sé mjög viðkvæmt fyrir hvers konar traðki. Fá ef nokkur önnur slík svæði séu til á Íslandi. Svæðið þoli hins vegar alls ekki mikla umferð og hana þurfi að takmarka sem mest ef forða eigi svæðinu frá skemmdum. Það eigi við um alla umferð. Svæðið liggja mjög hátt og gróður sé þar mjög viðkvæmur, en jafnframt sérstakur. Mannvirki á svæðinu séu engin ef undan er skilinn gamall varnargarður sem þó beri ekki mikið á og svæðið því að langmestu óraskað. Það var eindregin skoðun vinnuhópsins sem skrifaði skýrsluna um

Vonarskarð, að auka ætti verndun svæðisins og það ætti að gera með því að flokka það í flokk Ib (víðerni) Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN). Svæðið félli vel að þeirri skilgreiningu. Svæði í flokki Ib eru svæði sem eru lítt eða ekki mótuð af mannum og haldið hafa sínum náttúrulegu eiginleikum og áhrifum. Verndun og stjórnun svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra og varðveita þau fyrir komandi kynslóðir. Takmarka þarf alla umferð á slíkum svæðum til að vernda þau fyrir álagi og vélknúin umferð er að jafnaði ekki leyfð. Mikilvægt væri að nota alþjóðlegar skilgreiningar á verndarsvæðum hér á landi því það styrkti mjög stöðu viðkomandi svæða. Rögvaldur lýsti áhyggjum sínum af því að með vaxandi ferðamennsku gæti orðið erfitt að vernda svæðið og varasamt væri að kynna það of mikið.

Snorri Ingimarsson lagði áherslu á mikilvægi þess að ræða ekki um svæðið eins og það sé ein heild. Mikilvægt væri að skoða skipulag svæðisins út frá einstökum hlutum þess. Mikilvægt væri að verja viðkvæm hverasvæði og annað sem er viðkvæmt og einstakt. Á hinn bóginn væru fá rök til þess að loka öllu því svæði sem sumir vilja kenna við Vonarskarð eitt. Þeir sem stunda útivist á vélknúnum ökutækjum legðu áherslu á að leiðin austan Deilis yrði opnuð á ný eins og verið hefur um áráraðir. Þá minnti Snorri á að málamiðlunartillaga hefði verið að opna þá leið eftir 1. september og síðan lokaði henni aftur þegar snjóá létti að vori.

Snorri Baldursson lagði áherslu á að málefni Vonarskarðs hefðu verið rædd ítrekað í aðdraganda að stofnun Þjóðgarðsins, í svæðisráði Vestursvæðis, í stjórn Þjóðgarðsins, í sérstökum samráðshópi um samgöngur í Þjóðgarðinum og nú síðast í hópi sérfræðinga sem fenginn var til að meta náttúruverndargildi Vonarskarðs og koma með tillögu um framtíðarnýtingu þess til útivistar. Alls staðar hafi verið skiptar skoðanir nema í skýrslu sérfræðingahópsins sem komst að eindreginni niðurstöðu. Snorri taldi ekki forsvaranlegt að hringla meira með þetta mál og einboðið að fallast á tillögur sérfræðingahópsins.

Á máli annarra fundarmann sem tóku til máls komu fram mismunandi skoðanir á flestum þáttum málsins. Nokkur samhljómur var þó í lokin um að líklega þyrfti að skoða takmarkanir gangandi umferðar og setja ítölu fyrir en seinna.

13. **Næsti stjórnarfundur** verður símafundur fyrir miðjan janúar og síðan fundur á norðursvæði miðvikudaginn 22. janúar.

Fundi lauk kl. 14:00